



Fréttabréf AkureyrarAkademíunnar

apríl 2025

Kæru viðtakendur!

Hér er greint frá helstu tíðindum í starfinu frá því að síðasta fréttabréf var sent út í febrúar sl. Góðar stundir!

Ársfundur 2025

Ársfundur AkAk 2025 verður haldinn þann 15. maí nk. í húsnæði AkAk, Sunnuhlíð 12, Akureyri, kl. 19:30. Á dagskrá eru aðalfundarstörf samkvæmt 12. gr. [skipulagsskrár](#) AkAk.

Kynningarfundur

Háskólinn á Akureyri og AkureyrarAkademían hafa lengi haft með sér farsælt samstarf sem hefur miðað að því að koma þekkingu á framfæri og að stuðla að samræðum um fræði og vísindi með þátttöku almennings, félagasamtaka, fyrirtækja, stofnana og opinberra aðila. Þann 3. apríl sl. efndu samstarfsaðilarnir til opins kynningarfundar í HA um starfsemi AkureyrarAkademíunnar. Áslaug Ásgeirsdóttir, rektor HA, opnaði fundinn með ávarpi, Sigurgeir Guðjónsson, formaður stjórnar AkAk, kynnti starfsemi Akademíunnar, og innanhúsfólk sagði frá verkefnum sínum og sýna þau vel þá miklu [fjölbreytni og grósku](#) sem einkennir samfélagið í AkAk. Tom Barry, forseti hug- og félagsvísindasviðs HA, lokaði fundinum, og Katrín Eiríksdóttir, verkefnastjóri í HA, stýrði samkomunni. Við þökkum HA kærlega fyrir samstarfið og fundargestum fyrir komuna!

Fyrirlestur

Mörg undanfarin ár hefur AkAk boðið íbúum hjúkrunarheimilanna og öðrum bæjarbúum upp á fræðandi fyrirlestra um fjölbreytt efni. Fyrsti fyrirlesturinn af þessu tagi á þessu ári fór fram í salnum á Hlíð 11. apríl sl. Þar sagði [Hörður Geirsson](#), safnvörður ljósmyndadeildar Minjasafnsins á Akureyri, frá áhugaverðu verkefni sem snýst um að nota gervigreind til að nafngreina óþekkta einstaklinga á ljósmyndum. Um 60 gestir sóttu viðburðinn. Við þökkum Herði fyrir fróðlegan og skemmtilegan fyrirlestur og gestum fyrir komuna!

Innanhúsfólk

Hér er sagt frá verkefnum innanhúsfólks hjá AkAk.

Dagur Tómas Ásgeirsson

Dagur Tómas Ásgeirsson varði [doktorsritgerð](#) sína í stærðfræði við Kaupmannahafnarháskóla 7. mars sl. Ritgerðin fjallar um formlega sannprófun á nýju sviði stærðfræðinnar sem lýtur að því að samþætta grannfræði og algebru. Formleg sannprófun gengur út á það að „kenna“ tölvu stærðfræðisannanir, og láta hana ganga úr skugga um að þær séu réttar.

Sara Stefánsdóttir

Sara Stefánsdóttir varði [doktorsritgerð](#) sína í fötlunarfræði við félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild Háskóla Íslands 4. apríl sl. Heiti ritgerðarinnar er *Glíma seinfærra foreldra við kerfisbundnar hindranir út frá réttindamiðaðri nálgun (Parents with Intellectual Disabilities Negotiating Systemic Challenges through a Rights Based Approach)*. Andmælendur voru dr. Annadís G. Rúdólfssdóttir, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og dr. Susan Collings, vísindamaður við University of Western Sydney í Ástralíu, en leiðbeinendur voru dr. Hanna Björg Sigurjónsdóttir og James G. Rice, prófessorar við félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild Háskóla Íslands.

Sara er einnig höfundur kafla ásamt Hrafnhildi Snæfríðar- og Gunnarsdóttur í bókinni [Fötlun, sjálf og samfélag: Birtingarmyndir og úrlausnarefni](#) sem kom út hjá Háskólaútgáfunni á síðasta ári. Bókin fjallar um líf og aðstæður fatlaðs fólks í ljósi gagnrýnna kenninga og íslenskra rannsókna á sviði fötlunarfræða. Athygli er beint að helstu viðfangs- og úrlausnarefnum ólíkra æviskeiða og að flóknu samspili félagslegra, efnislegra og stofnanabundinna hindrana sem skapa og viðhalda fötlun og torvelða fötluðu fólki að lifa góðu lífi. Kaflinn eftir Söru og Hrafnhildi heitir *Reynsla fatlaðs fólks af íslensku þjónustukerfi og fjallar um þjónustukerfi velferðar- og heilbrigðismála í ljós reynslu fatlaðs fólks*.

Skafti Ingimarsson

Aðalgrein tímaritsins [Andvara](#) árið 2025 er æviágrip Barða Guðmundssonar þjóðskjalavarðar og alþingismanns eftir Skafta Ingimarsson. Andvari hefur um áratuga skeið birt rækilegar greinar um látna merkismenn, einkum ef ævisaga viðkomandi hefur ekki verið rituð. Í grein sinni ræðir Skafti bæði störf Barða og fræðirit, m.a. rit hans um uppruna Íslendinga og höfund Njálu.

Þorgerður Anna Björnsdóttir

Fyrstu vikuna í mars sl. dvaldi Þorgerður Anna Björnsdóttir, kínverskukennari og sjálfstætt starfandi fræðimaður, í Olomouc í Tékklandi til að taka þátt í námskeiði fyrir tungumálakennara. Námskeiðið bar yfirskriftina: *Tungumálakennsla í alþjóðlegum og stafrænum heimi (e. Language Teaching in a Global and Digital World)* og var styrkt af Erasmus+. Á námskeiðinu komu saman tæplega þrjátíu tungumálakennarar, verðandi tungumálakennarar og þýðendur og tóku þátt í fyrirlestrum, vinnustofum og lifandi umræðum m.a. um kennsluhætti í staðkennslu og fjarkennslu, evrópska tungumálarammann og gervigreind. Ekki skemmdi fyrir að Olomouc er afar falleg borg.

AkureyrarAkademían, Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri, sími 833-9861, veffang <https://www.akak.is/>
Ábyrgðarmaður Fréttabréfs Aðalheiður Steingrimsdóttir, netfang akak@akak.is